

## Reglur um prófhald

---

Nemendum ber að mæta stundvíslega til prófs. Þeim ber að kynna sér vel próftöflu og skipan í stofur.

Komi nemandi of seint til prófs skal hann ganga hljóðlega til sætis. Nemandi sem kemur of seint fær ekki framlengingu á próftíma. Ekki er heimilt að hleypa nemanda inn í prófstofu eftir að 30 mínútur eru liðnar af próftíma.

Skólinn leggur nemendum til pappír en nemendur skulu gæta þess að hafa með sér skriffæri. Við skrifleg próf má nota þau gögn ein sem eru leyfileg og tilgreind á forsiðu prófs. **Óheimilt er að hafa síma eða önnur snjalltæki, skólatöskur, bækur og gögn önnur en þau sem ofan greinir með inn í prófstofuna.** Pennaveski á að geyma á gólfi við prófborð.

Óheimilt er að yfirgefa prófstað fyrir en eftir 30 mínútur. Ekki er heimilt að safnast saman í Kvosinni að loknu prófi og brýnt er að fara **hljóðlega**.

Purfi nemandi að fara fram áður en hann hefur skilað úrlausn er það einungis heimilt ef honum er fylgt.

Ef nemandi er staðinn er að því að nota óleyfileg gögn eða veita eða þiggja hjálp við próf umfram það sem heimilað er (svindla á prófi), er það tilkynnt til prófstjóra sem metur alvarleika hvers tilviks og hver viðbrögð skulu vera. Prófsvindl þýðir að jafnaði fall í áfanga eða nemandinn fær ekki einkunn fyrir prófið/verkefnið.

Nemandi, sem kemur ekki til prófs og hefur ekki fengið heimild til að hætta námi í viðkomandi áfanga, telst hafa gert tilraun til að þreyta prófið. Skal hann gera prófstjóra grein fyrir málum sínum. (Sjá nánar reglur um skráningu í og úr áfanga).

### Um veikindi í prófum og sjúkrapróf

Ef nemandi er veikur á prófdegi verður hann að tilkynna veikindi sín til skrifstofu skólans áður en próf hefjast dag hvern.

Veikist nemandi í prófi ber honum að vekja athygli kennara í yfirsetu sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn nemandans.

Sjúkrapróf eru haldin að loknum reglulegum prófum. Nemandi sem hefur tilkynnt veikindi fyrirfram telst þar með skráður í sjúkrapróf.

### Birting einkunna

Einkunnir eru einungis birtar á Innu. Fyrstu einkunnir eru að jafnaði birtar síðasta reglulega prófdag og jafnskjótt og þær berast eftir það. Kennarar gefa ekki upplýsingar um lokaeinkunnir.

Að prófum loknum eiga nemendur þess kost að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara. Eftir haustönn eru prófsýningar fyrsta kennsludag eða í fyrstu kennslustund. Á vorönn er auglýstur

## Reglur um prófhald

---

prófsýningadagur þegar allar einkunnir hafa borist (áður en endurtökupróf hefjast). Ef fram kemur skekkja í mati eða einkunnagjöf skal slíkt leiðrétt strax.

### Ágreiningur um námsmat

Nemendur eiga rétt á að fá útskýringar á mati sem liggur að baki lokaekunn í námsáfangi innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemendur, sem ekki hafa náð lágmarkseinkunn, þá eigi una mati kennarans geta þeir snúið sér til skólameistara og óskað eftir mati sérstaks prófdómara. Þá skal kveða til óvilhallan prófdómara sem metur prófúrlausnir. Úrskurður hans er endanlegur.

### Um lokapróf

Ef lokapróf gildir 50% eða meira af lokaekunn áfanga þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunninni 4,5 á lokaprófinu til þess að aðrir námsmatsþættir gildi til einkunnar. Lokapróf geta verið bæði skrifleg og munnleg. Kennurum er heimilt að víkja frá þessari reglu en það þarf þá að koma skýrt fram í námsáætlun áfangans.

### Um skil á verkefnum

Allir nemendur eiga að skila verkefnum, skriflegum og munnlegum, á skiladegi nema um annað hafi verið samið við kennara, veikindi tilkynnt og vottorði skilað eða leyfi fengið vegna sérstakra aðstæðna.

Faggreinar setja reglur um skil á verkefnum. Þær þurfa að koma fram á námsáætlun og þarf að kynna vel í upphafi annar.

Kennarar skulu skila verkefnum til baka eins fljótt og auðið er.

### Um misferli í verkefnum sem gilda til lokaekunnar

Óheimilt er að láta aðra vinna ritgerðir og verkefni fyrir sig. Ef nemandi notar texta, myndir eða annað efni frá öðrum í verk sín, gerir ekki grein fyrir uppruna efnisins og skilja má að efnið sé höfundarverk nemanda telst það jafngilda prófsvindli.

Heimilt er að leyfa nemanda sem á áðurgreindan hátt hefur fyrirgert verkefni sínu að endurvinnna það eða endurtaka að vori með endurtekningaprófum.

Öll brot á prófreglum og reglum þeim sem að ofan greinir skulu tilkynnt prófstjóra sem skráir það sem lokaða athugasemd í INNU.

### Um endurtökupróf

Ef nemandi fellur í áfanga og tekur endurtökupróf í viðkomandi áfanga á sama skólaári, gildir símat eða verkefni annarinnar nema annað sé tekið fram í námsáætlun.

## Reglur um prófhald

---

Ef nemandi tekur endurtökuprófið síðar (ekki á sama skólaári), getur hann einnig þurft að endurtaka aðra námsmatsþætti. Ef lokaprófið gildir minna en 50% gilda reglur um endurtöku í símatsáföngum.

### Um endurtöku og verkefnaskil í símatsáföngum

Nemendur eiga að jafnaði ekki rétt á endurtöku í símatsáföngum. Ef nemandi hefur reynt við flest verkefni áfangans getur hann sótt um að fá að gangast undir námsmat sem ígildi endurtöku. Kennari vegur og metur í hverju endurtakan verður fólgin, prófi og/eða verkefni í samráði við prófstjóra.

Kennurum er heimilt að setja sérstakar reglur um lágmarksskilaskyldu verkefna í símatsáföngum, þ.e. að skili nemandi ekki ákveðnu hlutfalli af verkefnum áfangans geti það þýtt að nemandinn falli í áfanganum.

Nemandi sem lýkur önninni á rétt á því að fá lokaekinn úr áfanganum jafnvel þó hann hafi ekki lokið öllum námsmatsþáttum. Fall á verkefnahluta kemur ekki í veg fyrir að nemandi fái að taka lokapróf.

### Skráning í endurtökupróf

Nemendur þurfa að skrá sig í endurtökupróf á skrifstofu skólans (afgreidsla@ma.is). Nemendur sem eiga möguleika á að vinna upp fall frá haustönn skrá sig ekki í endurtökupróf fyrr en einkunnir úr vorannarprófinu hafa birst. Upplýsingar um rétt til endurtökuprófa og skilyrði varðandi námsframvindu, sjá [Um námsframvindu](#).